

## Menningar- og safnanefnd Garðabæjar - 10 (28.8.2015) - Styrkbeiðni vegna fræðslufundar 3. október 2015

**Málsnúmer** : 1508419  
**Málsaðili** : Félag áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla  
**Niðurstaða (stutt)** :  
**Fundardagur** : 28.08.2015

**Inngangur** :

**Niðurstaða** : Fyrir var tekið erindi Félags áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla, dags. 26. ágúst 2015, um styrk vegna tónlistarflutnings á árlegum fræðslufundi félagsins sem haldinn verður í Bessastaðakirkju 3. október nk. Félagið fékk úthlutað styrk að fjárhæð kr. 150.000 frá bæjarráði sl. vor við afgreiðslu styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun til að standa straum af fræðsludagskrá helgaðri Jónasi Hallgrímssyni á fundinum.

Menningar- og safnanefnd samþykkir að styrkja Félag áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla að upphæð 100.000 kr. fyrir tónlistaratriði þar sem flutt verður nýtt verk eftir bæjarlistamann Garðabæjar, Karólínu Eiríksdóttur tónskáld.